

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 28. mars 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1985-2005, frá 12. maí 1987.

Breytingin tekur til eftirfarandi atriða:

– 12,5 ha opið svæði, efst í Hnoðraholti verður útivistarsvæði til sérstakra nota, einkum leiksvæði, útivist og skógrækt.

– Lega væntanlegrar Hnoðraholtbrautar breytist og ákvörðuð gatnamót hennar við Arnarnesveg og Vífilsstaðaveg.

– Svæði golfvallar stækkar úr 33 ha í 40 ha.

– Svæði fyrir verslun, þjónustu og opinberar stofnanir stækkar og nær að helgunarsvæðum Reykjanesbrautar, Vífilsstaðavegar og Hnoðrabrautar. Stærð 8 ha.

– Íbúðasvæði minnka um 8 ha.

– Lega aðalgönguleiða breytist.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 28. mars 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Í 1. viðauka með reglugerðinni, I. lið um fóðurjurtir, landgræðslujurtir og grös í grasvelli, bætist í upptalningu í 1. tölulið, á eftir orðunum Hávingull svohljóðandi:

Hávingulsrýgreni x Festulolium (Festuca pratensis Huds. x Lolium multiflorum Lam.)

2. gr.

Í 2. viðauka með reglugerðinni I. lið A, 3. tölulið bætist aftan við orðin Festuca rubra:

1	2	3	4	5	6	7	8
x Festulolium	75	96	1,5	1,0	0,5	0,3	5

Í 2. viðauka, I. lið B, 6. tölulið, 2. töflu (A) bætist aftan við Festuca spp:

x Festulolium 2 5 5

Í 2. viðauka II-lið, 2. tölulið bætist eftirfarandi:

Korntegund	Flokkur	Krafa %	Leyfileg frávik
naktir hafrar	allir	minnst 75%	0

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru nr. 22 29. mars 1994 og með vísan til tilskipana ESB nr. 92/19/EBE og 93/2/EBE og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. mars 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Reykjahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykjahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Reykjahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Reykjahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og nefndir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.